

Fjármála- og efnahagsráðherra f.h. ríkissjóðs
annars vegar
og
Samiðn fyrir hönd aðildarfélaga sinna
gera með sér svofellt
S A M K O M U L A G
um breytingar og framlengingu á kjarasamningi aðila

1. gr.
Gildistími

Gildandi kjarasamningur aðila framlengist frá 1. maí 2015 til 31. mars 2019 með þeim breytingum og fyrirvörum sem í samkomulagi þessu felast og fellur þá úr gildi án frekari fyrirvara.

2. gr.
Launahækkunir

Laun samkvæmt grein 1.1.1 hækki sem hér segir:

- 1.5. 2015: Laun hækka um 35.000 kr. eða að lágmarki um 7,2%, sbr. meðfylgjandi launatöflu.
- 1.06. 2016: 6,5%
- 1.06. 2017 Ný launatafla. Við innröðun skal hverjum starfsmanni tryggð 4,5% hækkun, sjá nánar bókun 3.
- 1.06. 2018 3%
- 1.02. 2019 Sérstök eingreiðsla, 55.000 kr., greiðist hverjum starfsmanni miðað við fullt starf og sem er við störf í desember 2018 og er enn í starfi í janúar 2019. Upphæðin greiðist hlutfallslega miðað við starfstíma og starfshlutfall í desember.

3. gr.
Persónuuppbót og orlofsuppbót

Persónuuppbót (desemberuppbót) á samningstímanum verður sem hér segir:

Á árinu 2015	78.000 kr.
Á árinu 2016	82.000 kr.
Á árinu 2017	86.000 kr.
Á árinu 2018	89.000 kr.

Orlofsuppbót á samningstímanum verður sem hér segir:

Á árinu 2015	42.000 kr.
--------------	------------

Á árinu 2016	44.500 kr.
Á árinu 2017	46.500 kr.
Á árinu 2018	48.000 kr.

4. gr.

Um eyður í vinnutíma

Grein 2.1.3 breytist og verður sem hér segir:

Vinnutími skal vera samfelldur eftir því sem við verður komið. Fyrir eyður í vinnutíma er greitt skv. gr. 1.5.1 og 1.5.2.

5. gr.

Stofnanabáttur og röðun starfa

Frá 1. júní 2017 þegar breytt launatafla tekur gildi breytist grein 1.2 og verður svohljóðandi:

1. 2 Röðun starfa og mat álags

- 1.2.1 Við ákvörðun um röðun starfa í launaflokka skal fara eftir gr. 11.3.2.1.
- 1.2.2 Meta skal persónu- og tímabundna þætti, sbr. gr. 11.3.2.2 og 11.3.2.3, sem álagsþrep.

Frá 1. júní 2017 verður 11. kafli svohljóðandi:

11.1 Skilgreining

- 11.1.1 Stofnanasamningur er hluti af kjarasamningi og er meðal annars ætlað að stuðla að skilvirkara launakerfi sem tekur mið af þörfum og verkefnum stofnunar og starfsmanna hennar. Hann er sérstakur samningur milli stofnunar og stéttarfélags um aðlögun tiltekinna þátta kjarasamningsins að þörfum stofnunar og starfsmanna með hliðsjón af eðli starfsemi, skipulagi og/eða öðru því sem gefur stofnun sérstöðu. Samstarfsnefndir eða nefndir samkvæmt gr. 11.4.1 annast gerð og breytingar stofnanasamninga.

11.2 Markmið

- 11.2.1 Aðilar kjarasamningsins eru sammála um að markmið þeirra, með að færa í hendur stofnunar og stéttarfélags/starfsmanna hennar útfærslu tiltekinna þátta kjarasamningsins, er að styrkja starfsemi viðkomandi stofnunar þegar til lengri tíma er litið og skapa þannig forsendur fyrir betri starfsskilyrðum starfsmanna. Einnig að færa ákvörðun um launasetningu starfa nær starfsvettvangi þar sem hægt er að bregðast hraðar við breytingum sem eiga sér stað á störfum og skipulagi stofnana.
- 11.2.2 Markmið stofnanasamnings er að efla samstarf starfsmanna og stjórnenda á vinnustað til þess að auka gæði opinberrar þjónustu. Einnig að gefa starfsmönnum tækifæri til að þróast og bæta sig í starfi og þar með að auka möguleika á bættum kjörum.

Samstarfinu er ætlað að bæta rekstrarskipulag stofnunar, bæta nýtingu rekstrarfjármagns og skapa grundvöll fyrir aukinni hagræðingu og skilvirkara launakerfi.

11.3 Gerð stofnanasamnings

11.3.1 Við gerð stofnanasamnings skal semja um röðun starfa í launaflokka skv. 11.3.2.1 og þar skulu fyrst og fremst metin þau verkefni og sú ábyrgð sem í starfinu felst auk þeirrar færni (kunnáttustig/sérhæfing) sem þarf til að geta innt starfið af hendi.

Starfslýsing er ein af forsendum röðunar starfa í launaflokka og skal hún endurskoðuð í takt við þróun viðkomandi starfs og skal þá jafnframt endurmeta röðun starfsins.

Meta skal persónu- og tímabundna þætti til röðunar í álagsþrep. Slíkt álag skal háð endurmati. Tímabundnir þættir geta verið breytilegir frá einum tíma til annars. Forsendur álagsþátta skulu endurskoðaðar við breytingar á starfssviði starfsmanns eða eftir nánari útfærslu í stofnanasamningi.

11.3.2 Við ákvörðun á röðun starfa verði almennt byggt á því að um sé að ræða þrjá þætti sem mynda samsetningu launa hjá hverjum og einum. Þættirnir eru:

11.3.2.1 **Röðun starfs.** Röðun miðist við að um viðvarandi/stöðugt verksvið sé að ræða og skulu skilgreiningar starfaflokkunar Hagstofunnar (nú ÍSTARF95, 2. útgáfa) hafðar til hliðsjónar. Þar skulu fyrst og fremst metin þau verkefni og ábyrgð (svo sem stjórnun) sem í starfinu felast auk þeirrar færni (menntun/kunnáttustig/sérhæfing) sem þarf til að geta innt starfið af hendi. Þá skal litið til þess hvar tiltekið starf er staðsett innan skipurits stofnunar eða annars formlegs starfsskipulags.

11.3.2.2 **Persónubundnir þættir.** Laun fyrir persónubundna þætti eru varanleg enda umbun fyrir t.d. kunnáttu eða reynslu viðkomandi starfsmanns. Dæmi um persónubundna þætti:

Sérstök þekking eða færni sem nýtist í starfi, þar með talin sérstök fagreynsla sem gerir starfsmann verðmætari í starfi.

Markaðsálag eða eftirspurnarálag.

Sjálfstæði í vinnubrögðum, frumkvæði eða góður árangur í starfi.

Aukin hæfni starfsmanns, t.d. formleg menntun eða framtak starfsmanns við að afla sér símenntunar og þekkingar sem að gagni kemur í starfi, t.d. með starfstengdum námskeiðum. Sérstaklega skal meta formlegt nám sem lokið er með viðurkenndri prófgráðu.

Starfsaldur hjá stofnun (umbun fyrir tryggð við stofnun) eða sambærilegum stofnunum (umbun fyrir yfirlærslu þekkingar eða vinnubragða).

11.3.2.3 **Tímabundnir þættir** eru t.d. frammistaða eða álag vegna tímabundinna viðbótarverkefna. Dæmi um tímabundna þætti:

Frammistaða umfram kröfur og/eða væntingar byggðar á fyrirfram skilgreindum mælanlegum viðmiðum.

Tímabundin aukin ábyrgð.

Innleiðing verkefna.

Þróun og nýsköpun.

Sérstakt álag og erfiðleikastig.

Vinnutímasveigjanleiki og liðlegheit.

Öflun nýrra verkefna og hugmynda.

- 11.3.2.4 Þættir skv. 11.3.2.3 eru eingöngu metnir til röðunar í álagsþrep. Tímabundnir þættir eru oftast einstaklingsbundnir en geta þó einnig tengst hópum og jafnvel árangri hópa.

Ofangreindir þættir geta verið breytilegir frá einum tíma til annars og álag á laun því breytilegt. Ofangreinda þætti skal endurskoða við breytingar á starfssviði starfsmanns eða eftir nánari útfærslu í stofnanasamningi.

11.4 Skipan og hlutverk samstarfsnefnda

- 11.4.1 Hjá þeim stofnunum ríkisins sem fara með framkvæmd kjarasamninga í umboði fjármálaráðherra, skal komið á sjálfstæðum samstarfsnefndum, sem skipaðar eru allt að 3 fulltrúum frá hvorum aðila, þ.e. stéttarfélagi/starfsmönnum og stofnun og 3 til vara. Að öllu jöfnu skal trúnaðarmaður á vinnustað vera í forsvari í nefndinni af hálfu Samiðnar. Forstöðumaður tilnefnir fulltrúa stofnunar.

Samstarfsnefnd hafi m.a. það hlutverk að fjalla um forsendur starfaflokkunar, röðun einstakra starfa í launaflokka og koma á sáttum í ágreiningsmálum sem rísa kunna út af samningi þessum. Eins skal nefndin fjalla um röðun starfa skv. 25. gr. laga nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

- 11.4.2 Hjá þeim stofnunum sem ekki fara með framkvæmd kjarasamninga skulu samningsaðilar með sama hætti tilnefna allt að 3 fulltrúa í samstarfsnefnd og 3 til vara. Fjársýsla ríkisins annast, samkvæmt framsali, þátt fjármálaráðherra fyrir þær stofnanir sem ekki fara með framkvæmd kjarasamninga.

- 11.4.3 Stofnunum sem hafa 5 eða færri félagsmenn Samiðnar í starfi er heimilt að nýta sér stofnanasamningsfyrirmynd sem samningsaðilar munu birta sameiginlega ef ekki er sameiginlegur vilji til að gera sérstakan stofnanasamning á stofnuninni. Samstarfsnefndum er einnig heimilt að vísa til þeirrar fyrirmyndar eða annarra í stað þess að gera sjálfstæðan samning ef það getur átt við.

11.5 Starfshættir samstarfsnefnda

- 11.5.1 Vegna gerðar/endurskoðunar stofnanasamnings.

Fulltrúar í samstarfsnefnd geta óskað eftir endurskoðun stofnanasamnings telji þeir að umtalsverðar breytingar hafi orðið á forsendum hans. Sem dæmi um breytingar á forsendum má nefna breytingar í miðlægum kjarasamningi og breytingar á umfangi, hlutverki eða starfsemi stofnunar. Hvor aðili um sig getur kallað nefndina til starfa.

Koma skal á samstarfsnefndarfundi svo fljótt sem auðið verður en þó ekki síðar en fjórum vikum eftir að erindið berst.

Skal þá metið hvort forsendur hafi breyst þannig að ástæða sé til að gera breytingar á samningnum.

Verði aðilar sammála um breytingar skal fella þær inn í gildandi stofnanasamning og staðfesta hann þannig breytan. Að jafnaði skal stofnanasamningur endurskoðaður á tveggja ára fresti.

- 11.5.2 Hvor aðili um sig getur skotið ágreiningsefnum til nefndarinnar og kallað hana til starfa. Beina skal erindi til gagnaðila með skriflegum hætti. Gagnaðili skal koma á samstarfsnefndarfundi svo fljótt sem auðið verður en þó ekki síðar en fjórum vikum eftir að erindið berst. Samstarfsnefnd skal svara erindum innan 5 vikna frá

Því að þau voru fyrst borin formlega fram á fundi nefndarinnar. Verði samstarfsnefnd sammála um breytingar á röðun eða öðru því sem til hennar hefur verið vísað, skal sú breyting gilda frá og með næstu mánaðamótum eftir að erindið var fyrst formlega borið fram í nefndinni nema annað sé sérstaklega ákveðið.

6. gr.

Samningsforsendur og atkvæðagreiðsla

Komi til þess að samkomulag náist á almennum vinnumarkaði um breytingu á kjarasamningum þeirra skulu Samiðn og SNR taka upp viðræður um hvort og þá með hvaða hætti slík breyting taki gildi gagnvart samningi Samiðnar.

Verði samningum á almennum vinnumarkaði sagt upp á grundvelli forsenduákvæðis þeirra á gildistíma samnings þessa er Samiðn, fyrir hönd aðildarfélaga sinna, heimilt að segja samningum upp með þriggja mánaða fyrirvara miðað við mánaðamót.

Ef ný forsenduákvæði verða tekin upp sbr. lið 2, c og d, í rammksamkomulagi milli aðila vinnumarkaðarins þá munu þau forsenduákvæði koma í stað framangreindra ákvæða.

Samningsaðilar skulu bera samning þennan, ásamt bókunum og fylgiskjölum, upp til samþykktar. Hafi gagnaðila ekki borist tilkynning um niðurstöðu fyrir klukkan 16:00 þann 24. nóvember 2015 skoðast hann samþykktur.

Reykjavík, 13. nóvember 2015

f.h. fjármála- og efnahagsráðherra
með fyrirvara um samþykki

f.h. Samiðnar vegna aðildarfélaga sinna
með fyrirvara um samþykki félagsmanna

Bókanir með samkomulagi
fjármála- og efnahagsráðherra f.h. ríkissjóðs
og
Samiðnar
13. nóvember 2015

Bókun 1

Haldið verði áfram vinnu með aðilum vinnumarkaðarins um aðferðir við að tengja launaskrið á almennum markaði við launaþróun starfsmanna ríkisins. Gert er ráð fyrir að hægt verði að beita slíkum aðferðum á samningstímabilinu.

Bókun 2

Markmið samningsins er að viðhalda dreifstýringu/stofnanasamningskerfinu í því skyni að efla samkeppnisstöðu ríkisstofnana og auka tækifæri starfsmanna til að hafa áhrif á eigin launaþróun, með því að færa launasetningu nær vettvangi og laga hana að þörfum hverrar stofnunar fyrir sig. Leitast verður við að gera stofnanasamningakerfið skilvirkara til að tryggja sameiginlega hagsmuni.

Aðilar eru sammála um að efla þurfi og viðhalda þekkingu þeirra forsendna og markmiða sem liggja að baki því fyrirkomulagi launaákvæðana sem kjarasamningar aðila byggja á og tengjast aðferðarfræði heildstæðrar mannauðsstjórnunar, þar sem fyrirkomulag launaákvæðana er einn þáttur í röð samfelldra aðgerða er varða mat á starfi og hvernig það þróast með skipulegum hætti.

Til að tryggja það hafa aðilar orðið ásáttir um að að undirbúa og skipuleggja í samstarfi við aðra annars vegar framtíðartilhögun slíkrar fræðslu og hins vegar sérstakt fræðsluátak um stofnanasamninga fyrir stofnanir og stéttarfélag í tengslum við breyttar forsendur í þessum samningi.

Markmiðið er að fræðsluátakinu verði lokið fyrir 31. október 2016 og fyrir liggja áætlun um með hvaða hætti þessu starfi verði fram haldið.

Bókun 3

Þann 1. júní 2017 tekur gildi ný launatafla sem byggir á álagsþrepum í stað aldursþrepa. Til að auðvelda vörpun í nýja töflu samkvæmt endurskoðuðum stofnanasamningum verður heimilt að ráðstafa allt að 9.950.000 milljónum kr. á ársgrundvelli til yfurfærslunnar. Þá er átt við kostnaðarauka stofnana að meðtöldum launatengdum gjöldum.

Við vörpun er tryggt að enginn fái minna en sem nemur 4,5% hækkun. Í einhverjum tilvikum gæti þurft að varpa einstaklingi í hærri flokk/þrep en röðunarforsendur gera ráð fyrir. Til að fá frekari hækkun á röðun verður viðkomandi fyrst að uppfylla skilyrði samkvæmt nýjum röðunarforsendum.

Bókun 4

Aðilar eru sammála um að leita samstarfs um endurskoðun á helstu atriðum 2. kafla kjarasamninga um vinnutíma. Meginmarkmið endurskoðunarinnar er að stuðla að bættu skipulagi vinnutíma og auka sveigjanleika á vinnustöðum ríkisins sem þjóni bæði hagsmunum ríkisins sem atvinnurekanda og starfsfólki þess.

Endurskoðun leiði ekki til kjararárnunar að öðru jöfnu.

Þegar tillögur liggja fyrir verður tekin ákvörðun um hvort breytingar á kaflanum séu þess eðlis að greiða skuli atkvæði um þær.

Bókun 5

Samningsaðilar eru sammála um að leita eftir samstarfi við þá aðila sem undirrituðu þann 24. október 2000, samkomulag um tiltekin réttindi starfsmanna, þar á meðal vegna veikinda og slysa. Komið skal á fót nefnd sem falið verði að endurskoða í heild kafla 12 í kjarasamningum aðila þar sem horft verður m.a. til eftirfarandi atriða:

Endurskoðun á framkvæmd talningar veikindadaga.

Að brugðist sé við veikindum á vinnustöðum með samræmdum og fyrirsjáanlegum hætti.

Að tryggja að starfsmaður geti komið til starfa/aðlögunar á vinnustað eftir langtímaveikindi.

Að tryggja rétt starfsmanns sem er í ráðningarsambandi og í starfsendurhæfingu hjá Virk til að snúa aftur til starfa.

Skoda samband iðgjalds í fjölskyldu- og styrktarsjóð og lengdar veikindaréttar.

Stefnt skal að því að tillögur liggi fyrir eigi síðar en 31. desember 2016.

Bókun 6

Í samningi aðila vinnumarkaðarins, dags. 22. júní 2015, er að finna bókun um bakvaktir. Aðilar eru sammála um að líta til niðurstöðu þeirrar greiningarvinnu og meta hvort hægt er að nýta þær beint eða hvort ráðast þurfi í sambærilega greiningarvinnu innan ríkisstofnana. Verði niðurstaða aðila vinnumarkaðarins sú að sett verði tiltekin viðmið sem stuðst skuli við þegar samið er um þóknun fyrir vinnu sem unnin er á grundvelli framangreindrar bókunar þá skuli það tekið til umfjöllunar hjá viðkomandi ríkisstofnun, undir formerkjum greinar 2.5.7 í núgildandi samningi milli aðila.

Fylgiskjal I með samkomulagi
fjármála- og efnahagsráðherra f.h. ríkissjóðs
og
Samiðnar
13. nóvember 2015

Lágmarkslaun fyrir fullt starf, fullar 173,33 unnar stundir á mánuði (40 stundir á viku), skulu vera sem hér segir fyrir starfsmenn 18 ára og eldri sem starfað hafa fjóra mánuði samfellt hjá sömu stofnun:

Frá 1. október 2015	245.000 kr.
Frá 1. júní 2016	260.000 kr.
Frá 1. júní 2017	280.000 kr.
Frá 1. júní 2018	300.000 kr.

Mánaðarlega skal greiða uppbót á laun viðkomandi starfsmanna sem ekki ná framangreindum fjárhæðum, en til launa í þessu sambandi teljast allar greiðslur, þ.m.t. hverskonar álags-, aukagreiðslur og yfirvinna, sem fellur til innan ofangreinds vinnutíma.

Laun fyrir vinnu umfram 173,33 stundir á mánuði og endurgjald á útlögðum kostnaði reiknast ekki með í þessu sambandi.

Fylgiskjal 2. með samkomulagi
fjármála- og efnahagsráðherra f.h. ríkissjóðs
og
Samiðnar
13. nóvember 2015

Launatafla tekur gildi frá 1. maí 2015:

	1	2	3	4	5	6
001	205.348	207.308	209.298	211.319	213.372	215.452
002	209.298	211.319	213.372	215.452	217.565	219.708
003	213.372	215.452	217.565	219.708	221.887	224.095
004	217.565	219.708	221.887	224.095	226.337	228.613
005	221.887	224.095	226.337	228.613	230.924	233.269
006	226.337	228.613	230.924	233.269	235.649	238.064
007	230.924	233.269	235.649	238.064	240.516	243.004
008	235.649	238.064	240.516	243.004	245.531	248.094
009	240.516	243.004	245.531	248.094	250.697	253.338
010	245.531	248.094	250.697	253.338	256.018	258.740
011	250.697	253.338	256.018	258.740	261.502	264.305
012	256.018	258.740	261.502	264.305	267.149	270.037
013	261.502	264.305	267.149	270.037	272.969	274.194
014	267.149	270.037	272.969	274.194	277.214	280.280
015	272.969	274.194	277.214	280.280	283.392	286.550
016	277.214	280.280	283.392	286.550	289.755	293.009
017	283.392	286.550	289.755	293.009	296.310	299.662
018	289.755	293.009	296.310	299.662	303.065	308.747
019	296.310	299.662	303.065	308.747	312.252	315.808
020	303.065	308.747	312.252	315.808	319.419	323.084
021	312.252	315.808	319.419	323.084	329.041	332.923
022	319.419	323.084	329.041	332.923	336.862	340.861
023	330.757	334.661	338.624	342.646	346.729	350.873
024	338.624	342.646	346.729	350.873	353.869	356.928
025	346.729	350.873	353.869	356.928	361.261	364.450
026	353.869	356.928	361.261	364.450	367.704	371.026
027	361.261	364.450	367.704	371.026	374.415	379.083
028	367.704	371.026	374.415	379.083	382.611	386.212
029	374.415	379.083	382.611	386.212	389.881	393.625
030	382.611	386.212	389.881	393.625	398.655	403.759
031	389.881	393.625	398.655	403.759	408.939	414.198
032	398.655	403.759	408.939	414.198	419.534	424.952
033	408.939	414.198	419.534	424.952	430.450	436.032
034	419.534	424.952	430.450	436.032	441.697	447.446
035	430.450	436.032	441.697	447.446	453.281	459.206
036	441.697	447.446	453.281	459.206	465.217	471.319
037	453.281	459.206	465.217	471.319	477.514	483.800
038	465.217	471.319	477.514	483.800	490.183	496.660
039	477.514	483.800	490.183	496.660	503.233	509.907
040	490.183	496.660	503.233	509.907	516.680	523.732
041	503.233	509.907	516.680	523.732	531.210	538.803
042	516.680	523.732	531.210	538.803	546.508	554.330
043	531.210	538.803	546.508	554.330	562.269	570.328
044	546.508	554.330	562.269	570.328	578.505	586.807
045	562.269	570.328	578.505	586.807	595.233	603.785

Launatafla tekur gildi frá 1. júní 2016:

	1	2	3	4	5	6
001	218.696	220.783	222.902	225.055	227.241	229.456
002	222.902	225.055	227.241	229.456	231.707	233.989
003	227.241	229.456	231.707	233.989	236.310	238.661
004	231.707	233.989	236.310	238.661	241.049	243.473
005	236.310	238.661	241.049	243.473	245.934	248.431
006	241.049	243.473	245.934	248.431	250.966	253.538
007	245.934	248.431	250.966	253.538	256.150	258.799
008	250.966	253.538	256.150	258.799	261.491	264.220
009	256.150	258.799	261.491	264.220	266.992	269.805
010	261.491	264.220	266.992	269.805	272.659	275.558
011	266.992	269.805	272.659	275.558	278.500	281.485
012	272.659	275.558	278.500	281.485	284.514	287.589
013	278.500	281.485	284.514	287.589	290.712	292.017
014	284.514	287.589	290.712	292.017	295.233	298.498
015	290.712	292.017	295.233	298.498	301.812	305.176
016	295.233	298.498	301.812	305.176	308.589	312.055
017	301.812	305.176	308.589	312.055	315.570	319.140
018	308.589	312.055	315.570	319.140	322.764	328.816
019	315.570	319.140	322.764	328.816	332.548	336.336
020	322.764	328.816	332.548	336.336	340.181	344.084
021	332.548	336.336	340.181	344.084	350.429	354.563
022	340.181	344.084	350.429	354.563	358.758	363.017
023	352.256	356.414	360.635	364.918	369.266	373.680
024	360.635	364.918	369.266	373.680	376.870	380.128
025	369.266	373.680	376.870	380.128	384.743	388.139
026	376.870	380.128	384.743	388.139	391.605	395.143
027	384.743	388.139	391.605	395.143	398.752	403.723
028	391.605	395.143	398.752	403.723	407.481	411.316
029	398.752	403.723	407.481	411.316	415.223	419.211
030	407.481	411.316	415.223	419.211	424.568	430.003
031	415.223	419.211	424.568	430.003	435.520	441.121
032	424.568	430.003	435.520	441.121	446.804	452.574
033	435.520	441.121	446.804	452.574	458.429	464.374
034	446.804	452.574	458.429	464.374	470.407	476.530
035	458.429	464.374	470.407	476.530	482.744	489.054
036	470.407	476.530	482.744	489.054	495.456	501.955
037	482.744	489.054	495.456	501.955	508.552	515.247
038	495.456	501.955	508.552	515.247	522.045	528.943
039	508.552	515.247	522.045	528.943	535.943	543.051
040	522.045	528.943	535.943	543.051	550.264	557.775
041	535.943	543.051	550.264	557.775	565.739	573.825
042	550.264	557.775	565.739	573.825	582.031	590.362
043	565.739	573.825	582.031	590.362	598.817	607.399
044	582.031	590.362	598.817	607.399	616.108	624.950
045	598.817	607.399	616.108	624.950	633.924	643.031

Launatafla tekur gildi frá 1. júní 2017:

	0	1	2	3	4	5	6	7	8
001	255.680	262.073	268.465	274.857	281.249	287.641	294.033	300.425	306.817
002	261.995	268.544	275.094	281.644	288.194	294.744	301.294	307.844	314.393
003	268.465	275.176	281.888	288.599	295.311	302.023	308.734	315.446	322.157
004	275.094	281.972	288.849	295.726	302.604	309.481	316.358	323.236	330.113
005	281.888	288.935	295.982	303.029	310.077	317.124	324.171	331.218	338.265
006	288.849	296.070	303.291	310.513	317.734	324.955	332.176	339.398	346.619
007	295.982	303.382	310.781	318.181	325.580	332.980	340.379	347.779	355.179
008	303.291	310.874	318.456	326.038	333.621	341.203	348.785	356.367	363.950
009	310.781	318.551	326.320	334.090	341.859	349.629	357.398	365.168	372.937
010	318.456	326.417	334.379	342.340	350.302	358.263	366.224	374.186	382.147
011	326.320	334.478	342.636	350.794	358.952	367.110	375.268	383.426	391.584
012	334.379	342.738	351.098	359.457	367.817	376.176	384.536	392.895	401.255
013	342.636	351.202	359.768	368.334	376.900	385.466	394.032	402.598	411.164
014	351.098	359.875	368.653	377.430	386.208	394.985	403.762	412.540	421.317
015	359.768	368.762	377.757	386.751	395.745	404.739	413.733	422.728	431.722
016	368.653	377.869	387.085	396.302	405.518	414.734	423.951	433.167	442.383
017	377.757	387.200	396.644	406.088	415.532	424.976	434.420	443.864	453.308
018	387.085	396.762	406.440	416.117	425.794	435.471	445.148	454.825	464.502
019	396.644	406.560	416.477	426.393	436.309	446.225	456.141	466.057	475.973
020	406.440	416.601	426.761	436.922	447.083	457.244	467.405	477.566	487.727
021	416.477	426.888	437.300	447.712	458.124	468.536	478.948	489.360	499.772
022	426.761	437.431	448.100	458.769	469.438	480.107	490.776	501.445	512.114
023	437.300	448.233	459.165	470.098	481.030	491.963	502.895	513.828	524.760
024	448.100	459.302	470.505	481.707	492.910	504.112	515.315	526.517	537.719
025	459.165	470.645	482.124	493.603	505.082	516.561	528.040	539.519	550.999
026	470.505	482.267	494.030	505.792	517.555	529.318	541.080	552.843	564.605
027	482.124	494.177	506.230	518.283	530.336	542.389	554.442	566.495	578.548
028	494.030	506.381	518.731	531.082	543.433	555.784	568.134	580.485	592.836
029	506.230	518.886	531.541	544.197	556.853	569.509	582.164	594.820	607.476
030	518.731	531.700	544.668	557.636	570.604	583.573	596.541	609.509	622.478
031	531.541	544.830	558.118	571.407	584.696	597.984	611.273	624.561	637.850
032	544.668	558.285	571.901	585.518	599.135	612.751	626.368	639.985	653.601
033	558.118	572.071	586.024	599.977	613.930	627.883	641.836	655.789	669.742
034	571.901	586.199	600.496	614.794	629.091	643.389	657.686	671.984	686.281
035	586.024	600.675	615.326	629.976	644.627	659.277	673.928	688.579	703.229
036	600.496	615.509	630.521	645.534	660.546	675.558	690.571	705.583	720.596
037	615.326	630.709	646.092	661.475	676.858	692.241	707.624	723.008	738.391
038	630.521	646.284	662.047	677.810	693.573	709.336	725.099	740.862	756.625
039	646.092	662.244	678.396	694.549	710.701	726.853	743.006	759.158	775.310
040	662.047	678.598	695.150	711.701	728.252	744.803	761.354	777.905	794.457
041	678.396	695.356	712.316	729.276	746.236	763.196	780.156	797.116	814.076
042	695.150	712.528	729.907	747.286	764.664	782.043	799.422	816.801	834.179
043	712.316	730.124	747.932	765.740	783.548	801.356	819.164	836.972	854.780
044	729.907	748.155	766.402	784.650	802.898	821.145	839.393	857.641	875.888
045	747.932	766.630	785.329	804.027	822.725	841.424	860.122	878.820	897.519

Launatafla tekur gildi frá 1. júní 2018:

	0	1	2	3	4	5	6	7	8
001	263.351	269.935	276.518	283.102	289.686	296.270	302.854	309.437	316.021
002	269.854	276.601	283.347	290.093	296.840	303.586	310.333	317.079	323.825
003	276.518	283.431	290.344	297.257	304.170	311.083	317.996	324.909	331.822
004	283.347	290.431	297.514	304.598	311.682	318.765	325.849	332.933	340.017
005	290.344	297.603	304.862	312.120	319.379	326.637	333.896	341.155	348.413
006	297.514	304.952	312.390	319.828	327.266	334.704	342.142	349.579	357.017
007	304.862	312.483	320.105	327.726	335.348	342.969	350.591	358.212	365.834
008	312.390	320.200	328.010	335.819	343.629	351.439	359.249	367.058	374.868
009	320.105	328.107	336.110	344.113	352.115	360.118	368.120	376.123	384.126
010	328.010	336.210	344.410	352.610	360.811	369.011	377.211	385.411	393.612
011	336.110	344.513	352.915	361.318	369.721	378.124	386.526	394.929	403.332
012	344.410	353.020	361.631	370.241	378.851	387.461	396.072	404.682	413.292
013	352.915	361.738	370.561	379.384	388.207	397.030	405.853	414.676	423.498
014	361.631	370.671	379.712	388.753	397.794	406.835	415.875	424.916	433.957
015	370.561	379.825	389.089	398.353	407.617	416.881	426.145	435.409	444.673
016	379.712	389.205	398.698	408.191	417.683	427.176	436.669	446.162	455.655
017	389.089	398.816	408.544	418.271	427.998	437.725	447.453	457.180	466.907
018	398.698	408.665	418.633	428.600	438.568	448.535	458.502	468.470	478.437
019	408.544	418.757	428.971	439.184	449.398	459.612	469.825	480.039	490.252
020	418.633	429.099	439.564	450.030	460.496	470.962	481.428	491.893	502.359
021	428.971	439.695	450.419	461.144	471.868	482.592	493.317	504.041	514.765
022	439.564	450.553	461.543	472.532	483.521	494.510	505.499	516.488	527.477
023	450.419	461.680	472.940	484.201	495.461	506.722	517.982	529.243	540.503
024	461.543	473.081	484.620	496.158	507.697	519.235	530.774	542.313	553.851
025	472.940	484.764	496.587	508.411	520.234	532.058	543.881	555.705	567.528
026	484.620	496.735	508.851	520.966	533.082	545.197	557.313	569.428	581.544
027	496.587	509.002	521.417	533.831	546.246	558.661	571.076	583.490	595.905
028	508.851	521.572	534.293	547.014	559.736	572.457	585.178	597.900	610.621
029	521.417	534.452	547.488	560.523	573.558	586.594	599.629	612.665	625.700
030	534.293	547.651	561.008	574.365	587.723	601.080	614.437	627.795	641.152
031	547.488	561.175	574.862	588.549	602.236	615.924	629.611	643.298	656.985
032	561.008	575.033	589.058	603.083	617.109	631.134	645.159	659.184	673.209
033	574.862	589.234	603.605	617.977	632.348	646.720	661.091	675.463	689.834
034	589.058	603.785	618.511	633.238	647.964	662.691	677.417	692.143	706.870
035	603.605	618.695	633.785	648.875	663.966	679.056	694.146	709.236	724.326
036	618.511	633.974	649.437	664.900	680.362	695.825	711.288	726.751	742.213
037	633.785	649.630	665.475	681.319	697.164	713.009	728.853	744.698	760.542
038	649.437	665.673	681.909	698.144	714.380	730.616	746.852	763.088	779.324
039	665.475	682.111	698.748	715.385	732.022	748.659	765.296	781.933	798.570
040	681.909	698.956	716.004	733.052	750.099	767.147	784.195	801.243	818.290
041	698.748	716.217	733.686	751.154	768.623	786.092	803.561	821.029	838.498
042	716.004	733.904	751.804	769.704	787.604	805.504	823.405	841.305	859.205
043	733.686	752.028	770.370	788.712	807.054	825.396	843.739	862.081	880.423
044	751.804	770.599	789.394	808.190	826.985	845.780	864.575	883.370	902.165
045	770.370	789.629	808.889	828.148	847.407	866.666	885.926	905.185	924.444